

## 4. gr.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um innheimtu vaxta, viðurlög, veð, sektir og aðra framkvæmd varðandi innheimtu þungaskatts samkvæmt 1. gr. skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði reglugerðar nr. 593/1987, um þungaskatt, og reglugerðar nr. 62/1977, um öikumæla, með síðari breytingum. Ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 593/1987 skulu þó ekki gilda um innheimtu þungaskatts skv. reglugerð þessari.

Ráðuneytið getur falið toll- eða löggæslumönnum að annast ákvörðun og innheimtu þungaskatts fyrir hönd viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs, ef sérstaklega stendur á.

Óheimilt er að skipa út gjaldskyldri bifreið samkvæmt reglugerð þessari nema sannað sé að þungaskattur af henni hafi verið greiddur.

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. maí 1992.

*Fjármálaráðuneytið, 24. apríl 1992.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Rúnar Hannesson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 102/1990 um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistararéttindi.

## 1. gr.

21. gr. 2. mgr. reglugerðar nr. 102/1990 um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistararéttindi orðist svo:

Menntamálaráðuneytið annast hönnun og útgáfu vinnubóka í samræmi við námskrá og að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og fræðslunefnda. Ákvæði um vinnubók og færslu hennar skal tilgreina í námskrá. Iðnnemi skal framvísa vinnubók í mars og október ár hvert til iðnfulltrúa í því umdæmi sem iðnnemi er á námssamningi. Iðnfulltrúi skal fara yfir vinnubókina og ganga úr skugga um að störf iðnnemans séu í samræmi við námskrá og verkþætti skv. vinnubók. Ef misbrestur reynist á færslu vinnubókar eða störf iðnnemans eru ekki í samræmi við námskrá hlutast hann til um að úr verði bætt.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 57/1988 um framhaldsskóla samanber breytingu með lögum nr. 72/1989.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 13. apríl 1992.*

**Ólafur G. Einarsson.**

*Sólrun Jensdóttir.*